

**Aðalfundur FAAS haldinn miðvikudaginn 13.maí 2009 kl. 2000 í húsnæði  
Vistor h.f. að Hörgatúni 2, Garðabæ.**

Fyrir fundinum lá dagskrá sem send hafði verið út í Fréttabréfi FAAS hálfum mánuði fyrir aðalfundinn. Formaður, María Th. Jónsdóttir bauð gesti hjartanlega velkomna og var ánægð að sjá svo óvanalega góða mætingu á fundinn, hún tilnefndi Hrafn Magnússon sem fundarstjóra og undirritaða sem fundarritara, sem var samþykkt. Gengið var til dagskrár:

**1.Skýrsla formanns.** Formaður flutti skýrslu 24. starfsárs félagsins. Skýrsla formanns er varðveitt í gögnum félagsins.

**2. Reikningar ársins 2008.** Viðar G. Elísson endurskoðandi fór yfir reikningana en á fundinum var afriti dreift til viðstaddra.

**3. Umræður um skýrslu formanns og reikninga félagsins.**

Spurt var hvernig félagið hefði komið út úr bankahruninu, sem Viðar svaraði að Haukur Helgason hefði haldið vel utanum sjóði félagsins og verið með allt á öruggum reikningum þannig að ekkert hefði tapast hjá félaginu í hruninu. Spurt var út í tekjuminnkun vegna leigutekna frá Fríðuhúsi og einnig hvers vegna reikningar húsanna væru ekki til skoðunar þarna. Viðar svaraði að reikningar húsanna hefðu aldrei komið til umfjöllunar á aðalfundi félagsins en fullvissaði fundarmenn um að þau væru vel rekin og reikningar kæmu vel út, minni leigutekjur komu til vegna erfiðs peningaástands í Fríðuhúsi sl. ár. Spurt var um ríkisstyrk sem kom ekki fram á reikningunum og því til svarað að sá styrkur kom ekki inn fyrr en á nýju reikningsári.

**4.Tillaga um félagsgjald.** Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjald kr 2500 sem var samþykkt.

**5. Kosningar.**

Kosning formanns til eins árs. Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um Maríu Th. Jónsdóttur til eins árs. Helgi Hauksson bað um orðið og bauð sig fram til formanns stjórnar og bað um að fá að kynna sig. Þar sem lög félagsins taka ekkert á slíkri uppákomu beitti fundarstjóri, fundarstjóraákvörðun um að lýsa fundinn og gjörninginn löglegan og að viðstaddir gætu allir greitt atkvæði en bað menn sem væru bara gestir, að sitja hjá, þar sem engin félagaskrá væri til staðar.

Helgi kom í pontu og kynnti sig og sagði sína ákvörðun á því að bjóða sig fram byggjast á því að María hefði sl. 3 ár bókað að hún sæti bara í eitt ár. Sagðist hafa búist við öðru framboði og því hefði það ekki staðið til hjá honum að bjóða sig fram gegn Maríu sérstaklega, heldur áhugi og þekking á starfssemi félagsins.

Atkvæðaseðlum var dreift, 48 manns sátu fundinn. Kosningar fóru þannig að alls greiddu 41 atkvæði, sem fóru þannig að auðir seðlar voru fjórir (4) Helgi hlaut sautján (17) atkvæði og María hlaut tuttugu (20) atkvæði. María telst því réttkjörin formaður FAAS næsta starfsár.

**Þá lá fyrir tillaga stjórnar:** *Úr stjórn eiga að ganga Kristín Jónsdóttir, sem ekki gefur kost á sér til stjórnarsetu og Fanney Proppé sem vill vera áfram. Tillaga stjórnar er um Fanney Proppé og Guðrúnu Döddu Ámundardóttur til tveggja ára.*

Guðrún Dadda var ekki á fundinum en María benti á grein í Fréttabréfinu þar sem Guðrún Dadda hefði kynnt störf sín en hún væri iðjuþjálfari að mennt og hefði mikinn áhuga á þessum málum. Og úr sal kom að Guðrún Dadda væri að taka við nýrri dagdeild á Hrafnistu fyrir heilabilaða. Tillagan var samþykkt.

**Í varastjórn lá fyrir tillaga stjórnar:** *Til vara, tillaga stjórnar um Ingibjörgu Magnúsdóttur og Soffíu Erlu Stefánsdóttur.*

Soffía er nýr aðili og var hún stödd á fundinum ásamt Ingibjörgu. Tillagan var samþykkt.

**Tillaga stjórnar um skoðunarmenn:** *Skoðunarmenn, tillaga um Jón Snædal og Hrafn Magnússon.* Tillagan var samþykkt.

**Þá var gert fundarhlé. Glæsilegar veitingar voru í boði Pifzer.**

**Á dagskrá eftir hlé var kynning á bókinni „Hjúkrunarheimili – leiðbeiningar og fróðleikur fyrir fjölskyldur á tímamótum“.**

Margrét Gústafsdóttir kynnti bókina sem hún ritstýrði en þær voru sjö, allar hjúkrunarfræðingar sem unnu að því að koma þessari bók saman. Hlíf Guðmundsdóttir kynnti kaflann um þjónustu við aldraða sem búa á eigin heimili, og Sigurveig J. Guðjónsdóttir ræddi um Vistunarmat.

**Önnur mál.**

**Fanney Proppé** tók til máls og ræddi kosningarnar og hversvegna María og stjórn hefðu ákveðið að halda áfram við svo búið en rétt væri að María hefði ekki ætlað sér að halda áfram. En í ljósi aðstæðna og þá sérstaklega vegna alvarlegra veikinda Hauks Helgasonar hefðu stjórnarkonur ákveðið að standa þétt við bakið á nýráðnum framkvæmdastjóra Svövu Aradóttur sem allt í einu hefði þurft að taka við öllu nær fyrirvaralaust. Fagnaði komu Svövu til félagsins sem nú gæti farið á fullt með almenna fræðslu sem væri eitt af stefnumálum félagsins. Formansstarfið er mikið og ólaunað starf, sem enginn í dag gæti unnið af sama krafti og María án launa, margir hafa lagt hönd á plóginn í gegnum árin þ.á. m. Haukur Helgason og sonur hans Helgi, sem ásamt fjölda annarra eiga allir miklar þakkir fyrir.

**Sigrún Huld** tók til máls og sagði frá þáttöku sinni í *Dementsdager* í Kaupmannahöfn sl. daga. Ánægjulegt og fróðlegt að hlusta á þær raddir sem þar komu fram og fyllir mann bjartsýni sagði hún.

**Fundarstjóri, Hrafn Magnússon** sagði ótrúlegt að 25. afmælisár félagsins væri á næsta leiti og minntist fyrstu stjórnar félagsins sem hann sat í en þá var formaður Gerður Pálmadóttir í

Flónni og verkefnið þá var að „mublera“ Hlíðabæ, sem þá var að taka til starfa og hvernig Gerður hefði komið þeim inn í umræðuþætti og fleira í fjölmiðlum til að kynna átakið.

Fundarstjóri lauk svo störfum og María tók við fundinum. Hún þakkaði traust henni sýnt í kosningunni og fólki komuna og var enn og aftur þakklát fyrir góða mætingu á fundinn. Hún þakkaði fróðleg og góð erindi sem flutt voru, þakkaði endurskoðanda og fundarstjóra störf sín á fundinum. Sagði frá víðtæku tengslaneti sem væri í uppbyggingu í kringum landið og bauð Svövu Aradóttur enn og aftur velkomna til starfa fyrir félagið.

Fundi slitið kl 2230.

Fundarritari Fanney Proppé Eiríksdóttir.